

- d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastríki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
- e) Að öðru leyti en tekið er fram hér að framan (14. gr.), er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

II. Þegar viðkomandi hefur haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár, getur hann sótt um að gangast undir íslenskt radióamatörpróf og hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfi þetta gildir þó aðeins á Íslandi.

14. gr.

Leyfið gildir aðeins á friðartímum. Á ófriðartímum er leyfishafi skyldur til, ef þess er krafist, að afhenda stjórnvöldum umráð yfir radióbúnaði sínum eða láta innsigla hann.

15. gr.

Að öðru leyti en því, er tilgreint er hér að framan, ber leyfishafa að haga sér samkvæmt lögum og reglugerðum varðandi fjarskiptatæki og raforkuvirki, gildandi á hverjum tíma.

16. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt l. nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni, nr. 439 21. desember 1976.

Samgönguráðuneytið, 6. maí 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

13. apríl 1977.

Nr. 194.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu skipulagi Hafnarfjarðarbæjar og Garðakaupstaðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. apríl 1977 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Hafnarfirði og Garðakaupstað, að því er snertir legu Reykjanesbrautar frá Vífilstaðavegi að Keflavíkurvegi við Kaplakrika.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, bæjarstjórn Garðakaupstaðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.